



Reykjanesbær,
b.t. Kjartans M. Kjartanssonar bæjarstjóra
Tjarnargötu 12

230 Reykjanesbær

Reykjanesbær 9. mars 2023
09032023-1

Efni: Drög að ársreikningi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum og bókun stjórnar S.S.S. vegna halla Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja.

Vegna breytinga á 20. gr. reglugerðar nr. 1212/2015, þar sem kveðið er á um að byggðasamlög, sameignarfélög, sameignarfyrirtæki og önnur félagaforn sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélags, skuli færð inn í samantekin reikningsskil sveitarfélags miðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélags var tekin sú ákvörðun að leggja fram drög að ársreikningi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 2022 á fundi stjórnar S.S.S. nr. 787 sem haldinn var miðvikudaginn 8. mars. Drög að ársreikningi eru sendast hér með en skrifað verður undir ársreikninginn á næsta fundi stjórnar sem haldinn verður í apríl.

Eftirfarandi var fært til bókar í fundargerð stjórnar S.S.S. nr. 787

„Drög að ársreikningi 2022 lagður fram. Tap félagsins á árinu samkvæmt rekstrarreikningi nam kr. 11.813.363,- og er tilkomið vegna hækkunar á lífeyrissjóðsskuldbindingum upp á kr. 15.830.881. Reikningurinn verður samþykktur á næsta fundi stjórnar í apríl.

Framkvæmdastjóra falið að senda drögin til aðildarsveitarfélaganna ásamt bókun vegna skuldar HES við S.S.S. en skuldin er kr.51.968.319. Stjórn S.S.S. leggur til að skuldinn verði greidd upp á tveimur árum“.

Hér með er óskað er eftir staðfestingu á greiðslu aðildarsveitarfélaga Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja á skuldinni við S.S.S. en gera ráð fyrir að skuldin skiptist svohljóðandi á milli sveitarfélaga:

Reykjanesbær 70,90%	Kr. 36.845.538,-
Grindavíkurbær 11,86%	Kr. 6.163.443,-
Suðurnesjabær 12,64%	Kr. 6.568.796,-
Sveitarfélagið Vogar 4,52%	Kr. 2.348.968,-

Virðingarfyllt,


Berglind Kristinsdóttir
framkvæmdastjóri S.S.S.